

Isavia ohf
Reykjavíkurflugvelli
101 Reykjavík

Reykjavík 18. október 2018
UST201809-230/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Keflavíkurflugvöllur - Vestursvæði - Flugstöðvarsþæði

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Keflavíkurflugvallar er barst 17. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi vestursvæðis Keflavíkurflugvallar.

Skipulagssvæðið

Í tillöggunni kemur fram að deiliskipulagssvæðið er 275 ha og er kallað vestursvæði og nær yfir Flugstöð Leifs Eiríkssonar, flughlöð, byggingar og lóðir í nágrenni við flugstöðina.

Í greinargerð kemur fram að svæðið liggur í um 40m hæð yfir sjávarmáli. Megin aðkoma að svæðinu er um Reykjanesbraut, sem liggur að flugstöðvarsþæði Keflavíkurflugvallar úr austri.

Í gildi er deiliskipulag fyrir svæðið sem var staðfest árið 1997. Í greinargerð kemur fram að við gildistöku deiliskipulags vestursvæðis Keflavíkurflugvallar, falla eldri skipulagsáætlanir og skilmálar úr gildi.

Fráveita

Í umfjöllun um fráveitu kemur fram að megin holraesalögn svæðisins liggur frá suðvestur horni FLE og beint í vestur. Auk þess kemur fram í greinargerð að hugsanlegt er að hluti af fráveituvatni fari í framtíðinni í aðrar lagnir í samvinnu við nágrannasveitarfélögin.

Í umfjölluninni kemur fram að ráðist verði í endurbætur á fráveitumálum eins og lagt er til í heildaráætlun fráveitu (dælustöð í Djúpavík er þegar komin í gang). Stofnunin tekur undir að ráðist verði í endurbætur á fráveitumálum. Auk þess bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að áætlun um endurbætur í fráveitumálum séu tímasett.

Umhverfisstofnun bendir á að til viðbótar við þá þörf á úrbótum á fráveitu sem fjallað hefur verið um þá þyrfti að koma fram hvernig bregðast á við í fráveitumálum vegna þeirrar miklu fjölgunar farþega sem fara um flugvöllinn.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nákvæmlega um fráveitumál í greinargerð þar sem kemur fram magn og umfang fráveitu, eðli hreinsivirkis og hvert er ástand viðtakans. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvæg að fundar verði bestu fáanlegu lausnir í fráveitumálum fyrir svæðið t.d. með uppsetningu skólpdreinsistöðvar.

Umhverfisstofnun tekur undir hugmyndir um að lögð verði áhersla á blágrænar ofanvatnslausrnir við uppbyggingu svæðisins, en mikilvægt er að það komi fram hvernig verkefnið verði leyst þar sem jarðvegur er rýr á svæðinu. Einnig tekur Umhverfisstofnun undir þær hugmyndir um grænan ás sem gæti nýst sem útvistarsvæði og bætt ásjónu svæðisins.

Úrgangur

Umhverfisstofnun bendir á að upplýsingar vanti um hvernig meðhöndlun úrgangs sem fellur til á skipulagssvæðinu verði háttar.

Umhverfisstofnun vill benda á skýrslu sem nefnist „Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir tímabilið 2013-2024“ sem var gefin út af Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Í áætluninni eru sett fram tímasett markmið sem öll miða að því að bæta nýtingu auðlinda og lágmarka þau neikvæðu áhrif sem myndun og meðhöndlun úrgangs hefur á umhverfið og heilsu manna.

Bensínstöð og áfyllingarplan

Fram kemur í greinargerð að leyfilegt er að reisa sjálfsafgreiðslustöð á eldsneyti fyrir fjórar dælistöðvar og lóð (plan) til áfyllingar af tankbílum með flugvélældsneyti. Umhverfisstofnun vill benda á reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, þar sem markmið reglugerðarinnar er m.a. að tryggja fullnægjandi mengunarvarnir við meðhöndlun á olíu. Einnig er markmið að skýra ábyrgð dreifingaraðila og eigenda þessara efna þegar mengunaróhöpp verða og tryggja að gripið sé til viðunandi aðgerða.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
Sérfræðingur